

Starfsáætlun Hellis veturinn 2021-2022

Á Helli í vetur verða 20 börn fædd 2016. Mánudaga fara annar hópurinn í hreyfistund en hinn í lesleik og eftir hádegi fer hópurinn sem var í hreyfistund í stærðfræðileik. Á fimmtudögum er dagskráinn eins nema hóparnir skiptast. Þriðjudaga verður Stig af stigi tímar og SMT kennsla ásamt ýmsum verkefnum þar sem farið verður í umhverfisstarf og tæknikennslu. Á miðvikudögum er þemaleikur þar sem farið verður í hina ýmsu sköpun og unnið með þemu bæði árstíðarbundin og sprottin af áhugasviði barnana. Föstudagar eru síðan hinar ýmsu upptökur og leikur úti og inni.

Kennarar: Kidda, Olla, Steinunn, Sigbór og

Starfsfólk Hellis hefur gaman að vinnunni sinni og hefur metnað og er stolt yfir því sem það er að gera. Góð samskipti, upplýsingaflæði og traust milli starfsfólks er grundvöllur fyrir því að vel gangi og að börnunum líði vel hjá okkur.

Í öllu daglegu starfi á Helli er lögð áhersla á sjálfshjálp og sjálfstyrkingu barnana, þau eru hvött til að bjarga sér að mestu sjálf í fataherbergi og við matarborð. Þau eru þjálfuð við að standa við ákvarðanir sínar s.s. vera á sínu svæði í vali.

Við fræðum börnin um náttúruna í öllum daglegu starfi og nauðsyn þess að fara vel með hana. Við flokkum til endurvinnslu og moltum. Einnig eru notað mikið að endurnýtanlegu og verðlausu efni í föndur og sköpun ýmiskonar. Klappir eru að fara í vinnu í að verða Grænfánaskóli og mun umhverfistarf Hellis litast af því.

Farið er yfir reglur SMT eftir áætlun einu sinni í viku. Orðræða SMT er ríkjandi í öllu daglegu starfi. Við hrósum þegar vel gengur og þósum að setja orð á hlutina hvort sem verið er að hrósa eða setja mörk. Mörk eru sett á skýran og sanngjarnan hátt og rætt reglulega af hverju mörk eru mikilvæg þegar unnið er allan daginn í stórum hóp. Jákvæð hegðun er styrkt alla daga allan daginn með orðum, brosi, fimmu og öðr þessa háttar. Einnig er hún styrkt með því að börnin fá litla hringi sem við köllum brosi og barnahópurinn safnar þeim saman upp að ákveðnu markmiði. Þegar markmiðinu er náð fá börnin umbun sem áður er búið að kjósa um í barnahópnum.

Þjálfun í samskiptum í barnahópnum er stór hluti af daglegu starfi á Helli. Við leiðbeinum börnunum hvernig best sé að haga sér í samskiptum við hin börnin en reynum einnig að gefa þeim færi á að leysa úr ágreiningi án okkar aðstoðar og styðjur námsefni Stig af stigi við þá kennslu. Börnin eru hvött til að einbeita sér að sér og sinni hegðun frekar en að vera að einblína á hvað hin börnin eru að gera rétt eða rangt. Við tölum saman í stað þessa að nota öskur, hönd eða fót og setjum orð á tilfinningar okkar. Einnig leggjum við áherslu á að kenna börnum úræði til að vinna á kvíða og óvæntum aðstæðum og notum til þess Hugarperlu bækurnar og sögnvana.

Læsi og samskipti:

- Samverustundir eru 2x á dag þar sem lesnar eru bækur, spjallað um efni þeirra og myndskreytingar og höfund. Stoppað við orð sem ekki eru vel þekkt. Í samverustundum eru einnig sungið, farið í leiki og mál daglegsstarfs rædd þegar þurfa þykir. Eftir að allir hafa borðað morgunmat fá höldum við morgunfundi, þar sem við setjumst saman og förum yfir hvað er framundan þann daginn.
- Lesleikur er hjá hverjum hóp 1x í viku þar eru börnin kynnt fyrir bókstöfunum með aðstoða bókarinnar og verkefna *Lubbi finnur málbein*. Eldri börnin æfa sig einnig að skrifa þá bókstafi sem verið að fjalla um hverju sinni. Fléttað er inn í lesleikinn verkefnablöðum, verkefnum, leikjum, tölvuleikjum og öðrum lestratengdum verkefnum.
- Stafrófið er sýnilegt inná deild og lögð er áhersla á að lestrarörvandi leikföng séu reglulega í boði í vali og rólegum leik á morgnanna.
- Við leggjum mikla áherslu á stærðfræði í starfi okkar, við erum með tölur og talnagildi sýnileg á vegg deildarinnar. Við leggjum aukna áherslu á talningu og notkun hugtaka sem tengjast stærðfræðinni. Hver hópur fer einu sinni í viku í Stærðfræðileik, þar sem börnin fá hin ýmsu stærðfræði verkefni að glíma við og leikið með leikföng sem örva stærðfræði kunnáttu.
- Hljóm-2 skimun, sem metur hljóðkerfirs og málmeðvitunda, er lögð fyrir allan elsta árgang í október. Þeir sem koma út með slaka færni í þessari skimun fara í vinnustundir hjá sérkennslustjóra og aukið utanumhald og eftirfylgni kennar inná deild. Fyrir þessa einstaklinga er könnunin svo lögð aftur fyrir eftir áramót.
- Stig af stigi er námsefni sem þjálfar tilfinningastjórnun og samskipti við aðra. Í stig af stigi er börnin þjálfuð í að lesa í tilfinningar annara og taka tillit til þeirra og einnig ná stjórn á sínum eigin tilfinningum og leita lausna við vanda, með það að markmiði að samskipti gangi betur.
- SMT kennslan stuðlar að því að við eigum í góðum samskiptum við hin börnin á deildinni og lærum að taka tillit til annara í kringum okkur. Skýrar og einfaldar reglur SMT gera það að verkum að börnin vita til hvers er ætlast af þeim og verður það til þess að þau finna til meira öryggis.
- Stafabekking og litabekking er lögð fyrir börnin 3 sinnum yfir veturinn í september, janúar og apríl/maí. Þar er auðvelt að fylgjast með hvernig börnin

standa, hvort framfarir séu eðlilegar og einnig sjá út þá sem þurfa sérstaka eftirfylgni og aðstoð.

- Bækur eru aðgengilegar fyri börnin á deildinni og gefst oft tækifæri til að setjast niður og skoða bækur. Einnig má koma með bækur í leikskólann alla daga.
- Við ýtum undir ritum barnanna með að hafa liti og blýanta reglulega í boði og börnin eru hvött til að merkja verk sín sjálf með nafni eða upphafsstaf. Börnin geta ávalt fengið miða með nafninu sínu á til þess að skrifa eftir.
- Í samverustundum og hópastarfi er reglulega notaðar tölvur eða ípad til að leita upplýsinga að einhverju tagi, veðurkort skoðuð, hlustað á ný lög eða horft á myndbönd.

Sjálfbærni og vísindi

- Börnin eru þátttakendur í því að flokka það sem tilfellur á deildinni í réttan endurvinnsluflokk. Og kennara duglegir að fræða og setja á orða á tilgang endurvinnslu.
- Sparsemi á auðlindum náttúrunnar, við vekjum athygli barnanna á því að fara sparlega með auðlindir náttúrunnar svo sem láta ekki vatn renna að óþörfu og eða ljós kveikt í rýmum sem engin er.
- Einu sinni á vetri er sérstök vísindavika þar sem við leggjum áherslu á vísindi og ýmsar tilraunir. Einnig eru gerðar í ýmsar tilraunir með litablöndu, vatn og snjó og annað í þá veru í gegnum allt starfið.
- Í vali og frjálsum leik eru reglulega í boði viðfangsefni sem örva stærðfræðihugsun
- Í vettvangferðum er farið yfir höfuðáttirnar og fjarlægðir

Heilbrigði og vellíðan

- Útiveru er gert hátt undir höfði á Helli, markmiðið er að allir fari allavega einu sinni út á dag. Ef veður og útiföt leyfa þá er farið oftast út yfir daginn.
- Hreyfistundir, öll börn á Helli fara í hreyfistund í sal einu sinni í viku. Í hreyfistundum er unnið mikið út frá hugmyndum og verkefærum Leikur að læra.

Í hreyfistundum fá börnin útrás fyrir hreyfipörf sína, reynt er á jafnvægi, kjark, styrk og þol. Einnig fá þau æfingu í að fylgja reglum í leikjum og að vinna saman og hjálpa hvert öðru.

- Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum. Við leggjum mikla áherslu á að börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Hver og einn sé eins og hann er og þannig megi hann vera. Ræðum ólíkar fjölskyldugerðir, ólík áhugamál og ólíkt útlit. Í litlum og stórum hópum er rætt um líkamann okkar og hann sé okkar eign, rætt um einkastaðina og hvernig við og aðrir umgöngumst þá. Ræðum og kennum hvernig við setjum öðrum mörk gagnavart okkur sjálfum og mikilvægi þess að við virðum mörk annara.
- Umhyggja er stór þáttur í starfinu í Helli þar sem kennarar leggjja sig fram við að bjóða fram fang þegar þurfa þykir. Einnig leggjum við áherslu á að börnin taki eftir því hvernig öðrum börnum líður í leikskólanum, þau þjálfist í að geta sett sig í spor annara og þau læri þjargráð sem þau gætu mögulega notað til að sýna öðrum umhyggju.
- Öll börn á Helli fara einu sinni á dag í hvíld eða rólega stund. Þar sem þau ná að slaka aðeins á, hlustað er á sögu af ipod, lesin er framhaldssaga eða farið í rólega leiki.
- Í öllu daglegu starfi erum við að styrkja börnin í félagslegum tengslum sín á milli. Mikið er rætt um hvað sé æskilegt í samskiptum við aðra og hvað ekki. Börnin eru hvött til að leysa ágreining sín á milli án aðstoðar fullorðinna.
- Klappir byrja í vetur á sinni leið að gerast heilsueflandi skóli og munu því bætast við verkefni tengt heilsu og vellíðan tengt þeirri vinnu þegar líður á veturinn.

Sköpun og menning

- Börnunum er séð fyrir nægum tækifærum til að skapa listaverk að ýmsum toga og verkum þeirra veitt athygli og eins oft og hægt er eru þau til sýnis inná deild.
- Hlutverkaleikir ýmiskonar eru í boði í valstundum þar sem börnin hafa tækifæri til að leika sínar upplifanir og sína sýn á lífið og tilveruna.

- Fjölbreyttur efniviður, börnin fá tækifæri til að skapa með fjölbreyttum og opnum efniðvið.
- Lögð eru inn markvisst ný lög og þulur sem eru sungin í samverustundum og börnin hitta reglulega vini sína af hinum deildunum í söngsal.
- Ferðir á söfn og sýningar, er reynt að fara að lágmarki 1x yfir veturinn í heimsókn á safn eða listasýningu.
- Hefðir og viðburðir, börnin taka virkan þátt í undirbúningi viðburða í leikskólanum. Fræðsla, föndur og undirbúningur er tengt hefðum og hátíðum þegar við á s.s. aðventa, jól, þorrinn, páskar og slíkt.

Jafnrétti og lýðræði

- Notast er við kosningar þegar ákveða á umbun fyrir SMT.
- Í vali æfum við jafnrétti þar sem börnin skiptast á að fá að vera valstjórar og þar að leiðandi að velja fyrst. Þannig æfast börnin í því að bíða þangað til röðin kemur að þeim og átta sig einnig á því að maður þarf bæði að vera síðastur og fyrstu.
- Börnin fá að koma með hugmyndir að viðfangsefnum s.s. hvað á að hlusta á í hvíldinni, hvað á að gera í samverustund og annað í þá veru og fá þannig að vera hluti að skipulögðu starfi og þjálfast einnig í því að taka tillit til óska hinna barnanna líka.
- Í upphafi vetrar fá börnin að koma með óskir og tilögur af því sem þeim langar að læra meira um í vetur.
- Klappir mun verða taka þá í verkefni tengdu barnvænu samfélagi og þannig efla enn frekar rödd barnana í skólafinu.

Innra mat deildar

Í daglegu starfi eru kennarar duglegir að sjá út hvað má betur fara og hvað er að ganga upp, við leitum ráða og álita hjá hvort öðru og erum lausnamiðuð. Kennarar á Helli fylla út matseyðublað í sameiningu á deildarfundum þar sem farið er yfir námssviðin og rætt um hvernig við getum betur náð markmiðum okkar. Hver og einn

kennari skráir sína vinnu hjá sér og fer eftir námsáætlun. Þá er endurmat auðvelt og tryggt að farið er í alla námsþætti.